

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 676, 30. júlí 2009, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010.

#### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010 er leyfilegur heildarafli í öðrum tegundum en botnfiski sem hér segir:

	<b>Tegund</b>	<b>Lestir</b>
1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	15.000
2.	Úthafsækja	7.000
3.	Humar	2.200
4.	Hörpudiskur	0
5.	Innfjarðarækja samtals	300
	þ.a. Arnarfjörður	300

#### 2. gr.

Á eftir 5. mgr. 3. gr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. nóvember 2009 til og með 30. apríl 2010. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2009.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

*Kristján Freyr Helgason.*